

Miðvikudaginn 13. júní 1962.

Nr. 166/1960. H/f Ís (Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

Guðrúnu Valgerði Sigurðardóttur og gagnsök (Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1960. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að sök verði skipt og dæmd fjárhæð á hendur honum lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 108.848.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. marz 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti, þar á meðal álitserð Páls Sigurðssonar fyrrverandi tryggingayfirlæknis um örorku gagnáfrýjanda, dags. 15. apríl 1962. Eru aðiljar sammála um, að við úrlausn málsins hér fyrir dómi skuli örorkumat þetta koma í stað örorkumats þess, sem lagt var til grundvallar í héraðsdómi.

Í álitserð Páls læknis Sigurðssonar er skýrt frá því, að gætt hafi frá fæðingu þróttleysis í hægri fótlim gagnáfrýjanda og auk þess sé fótlimurinn nokkuð rýrari og dálítið styttri en sá vinstri. Sé gagnáfrýjandi lítið eitt hölt af þessum sökum. Tekið er upp í álitserðina vottorð Guðmundar Björnssonar augnlæknis, dags. 30. marz 1962. Þar er því lýst, að samkvæmt augnskoðun á gagnáfrýjanda hinn 28. júní 1951 og einnig nú, er vottorðið var gefið, hafi sjón hennar á hægri auga verið 6/6, en á vinstra 6/60. Þá segir í vottorðinu: „Rúmsjón (stereo) er ekki til staðar.“ Kveður Páll læknir Sigurðsson fótlinuna á hægri fæti skerða starfs-

orku gagnáfrýjanda um 20%, en sjóndepruna á vinstra auga um 15%. Samkvæmt því hafi gagnáfrýjandi aðeins haft 65 hundraðshluta fullrar starfsorku, þegar hún varð fyrir slysinu hinn 10. nóvember 1956.

Gagnáfrýjandi var á 18. ári, er slysið gerðist. Þegar litið er til aldurs hennar og sýnilegrar fötlunar, var óvarlegt að setja hana til vinnu við fiskvinnsluvél og alls ekki gerandi án nákvæmrar fyrirsagnar um vinnuaðferðir, en komið er fram, eins og í héraðsdómi greinir, að henni var ekki leiðbeint um starfshætti. Þá má fallast á það með héraðsdómi, að öryggisbúnaði vélarinnar hafi verið áfátt, þar sem ekki hafði verið sett hlíf yfir hluta af snúningsásnum og hníf þann, sem slysið hlaut af, enda þótt auðvelt hefði verið að hafa slíkan öryggisbúnað án truflunar á notkun vélarinnar, sbr. 16. gr. laga nr. 23/1952. Sú vanræksla um leiðbeiningu og öryggisbúnað, sem hér var getið, leiðir til fébótaábyrgðar aðaláfrýjanda vegna slyssins.

Á hinn bóginn verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi ekki gætt nægrar varkárni, er hún seildist eftir fiski að óvörðum hníf, sem var á hreyfingu og hún hlaut að vita um. Auk þess má ætla, að sá skortur á rúmsjón hennar, sem áður greinir, hafi átt þátt í því, að hönd hennar lenti í hnífnum, en hún verður í þessu sambandi að bera alla áhættu af þeim sjóngalla, þar sem ekki er leitt í ljós, að fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda, þar á meðal verkstjóra hans, hafi verið um hann kunnugt. Verður gagnáfrýjandi af þessum sökum að bera sjálf nokkurn hluta tjóns síns.

Samkvæmt því, sem rakið var hér að framan, telst rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hennar að  $\frac{7}{10}$  hlutum.

Um afleiðingar slyssins, miðað við skoðun 3. apríl 1962, segir svo í álitserð Páls lækni Sigurðssonar:

„Á þumalfingri vinstri handar vantar ytri kjúku. Það er mjög vel gróið fyrir stúfinn, og hann er litið sem ekkert aumur. Hreyfing í liðnum milli efri kjúku og fyrsta miðhandarbeins virðist alveg eðlileg. Þessi missmiði á þumal-

fingri eru beinar afleiðingar slyssins, sem Guðrún Valgerður varð fyrir 10. nóv. 1956.“

Örorku gagnáfrýjanda af afleiðingum slyssins kveðst lækurinn meta þannig, að hundraðshlutinn sé hafður hinn sami og þegar metin er örorka manns, sem haft hefði fulla starfsorku fyrir slysið. Hins vegar verði við ákvörðun tjónbóta að taka tillit til þess, að starfsorka gagnáfrýjanda var áður skert um 35%. Samkvæmt þessu metur lækurinn örorku vegna slyssins þannig:

Frá slysdegi til 28. febrúar 1957 . . . . .	80%
— 1. marz 1957 til 31. maí s. á. . . . .	60%
— 1. júní 1957 til 31. maí 1958 . . . . .	12%
— 1. júní 1958, framtíðarörorka . . . . .	9%

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 2. júní 1962 reiknað með líkindatölum tjón gagnáfrýjanda af örorkunni. Hefur hann lagt til grundvallar framangreint mat Páls læknis Sigurðssonar á tímabundinni og varanlegri örorku, en tekið tillit til hinnar skertu starfsorku gagnáfrýjanda fyrir slysið. Áætlun sína miðar tryggingafræðingurinn við kaupaxta Iðju fyrir verksmiðjustúlkur. Niðurstaða hans er sú, að tjónið nemi samtals kr. 81.079.00, ef reiknað er með 6% ársvöxtum allan tímann, en kr. 72.304.00, ef reiknað er með 6% ársvöxtum til ársloka 1961 og 7% ársvöxtum eftir þann tíma.

Tjón gagnáfrýjanda vegna örorku af afleiðingum slyssins, eftir að frá hafa verið dregnar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 3400.00, þykir hæfilega metið kr. 60.000.00. Er þá höfð hliðsjón af framangreindum áætlunarreikningi og svo því, að bætur eru greiddar í einu lagi og að af þeim er ekki goldinn tekjuskattur né útsvar. Bætur fyrir þjáningar og lýti ákveðast kr. 25.000.00. Samanlagt nema fjárhæðir þessar kr. 85.000.00, og ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda  $\frac{7}{10}$  hluta þeirrar fjárhæðar, kr. 59.500.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Svo ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 15.000.00.

## Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, h/f Ís, greiði gagnáfrýjanda, Guðrúnu Valgerði Sigurðardóttur, kr. 59.500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. marz 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Kópavogs 7. júlí 1960.**

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. janúar 1960, af Sigurði Gunnlaugssyni, Hlíðarhvammi 11 í Kópavogi, fyrir hönd ólógráða dóttur sinnar, Guðrúnar Valgerðar Sigurðardóttur, Hlíðarhvammi 11, gegn hlutafélaginu Ís í Kópavogi til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 108.848.00 auk 6% ársvaxta frá 24. marz 1958 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Stefndi gerir þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður með öllu af kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar samkvæmt mati dómsins. Stefndi gerir ekki kröfu um málskostnað og kveðst telja eðlilegt, að hann falli niður.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfu þannig, að bætur fyrir tapaðar vinnutekjur samkvæmt örorkumati séu kr. 62.248.00, bætur fyrir þjáníngar, óþægindi og lýti kr. 50.000.00, en til frádráttar komi dagpeningar, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt vegna slyssins, kr. 3.400.00. Stefnandi lýsir svo málavöxtum, að Guðrún Valgerður hafi slasast við vinnu sína í hraðfrystihúsi h.f. Íss í Kópavogi hinn 10. nóvember 1956. Slysíð hafi orðið með þeim hætti, að vinstri hönd Guðrúnar Valgerðar lenti í roðflettingarvél, og hjóst framan af vinstra þumalfingri hennar. Hann kveður varanlega örorku hafa verið metna 12%, og sé það tjón metið af tryggingafræðingi til peninga kr. 62.248.00 í töpuðum vinnutekjum. Í sambandi við bótakröfu vegna þjánínga, lýta og óþæginda, sem stefnandi tekur fram, að sé áætlunarupphæð, bendir hann á, að það séu veruleg lýti á manneskju að vanta hluta af þumalfingri, en Guðrún hefur aðeins verið 15 ára að aldri, er hún varð fyrir slysinu, sem sé á viðkvæmasta aldri. Stefnandi telur stefnda bera ábyrgð á slysinu vegna ófullnægjandi útbúnaðar á roðflettingarvél þeirri, sem slysinu olli, og þess, að hún hafi ekki verið í því lagi, sem

vera bar. Þá telur hann, að stefndi beri áhættuna af atvinnurekstri sínum og beri af þeim sökum að bæta það tjón, sem af honum hlýzt, jafnvel þótt slysið hafi stafað af óhappatilviljun og umbúnaði verði ekki um kennt eða ásigkomulagi tækja frystihússins. Hann heldur því fram, að hin slasaða eigi ekki að bera tjón sitt sjálf fjárhagslega.

Lagt hefur verið fram í málinu (dskj. nr. 5) bréf Bergþórs Smára læknis, dags. 20. júní 1957, þar sem segir, að Guðrún Valgerður Sigurðardóttir verkakona, fædd 17. marz 1939, til heimilis að Hlíðarhvammi 11 í Kópavogi, hafi slasast 10. nóvember 1956 þannig, að hún fór í roðflettingarvél, og hjóst framan af vinstri þumalfingri hennar. Hún var skoðuð af læknum 19. júní 1957. Skoðun leiddi í ljós: „Vinstri hönd: Ytri kjúka af þumalfingri er numin brott. Örið er vel gróið og eymslalítið. Tímabært þykir að meta varanlega örorku vegna ofangreinds slyss, og telst hún hæfilega metin 12%.“ Stefnandi hefur lagt fram (dskj. nr. 6) bréf Guðjóns Hansens cand act., dags. 28. október 1957. Hann áætlað fjártjón Guðrúnar Valgerðar, miðað við örorkumat Bergþórs Smára, störf við iðnað samkvæmt Iðjuttaxta, 6% aktiv töflur, samræmdar eftirlifenda töflur íslenskra kvenna 1941—1950 og verðmæti, miðað við slysdag. Tjónið metur hann á kr. 62.248.00. Hann getur þess, að e.t.v. sé þörf á að reikna með einhverju tapi vinnutekna til viðbótar vegna algerrar örorku fyrst eftir slysið.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að umrætt slys verði ekki rakið til skorts á öryggisútbúnaði eða ófullnægjandi umbúnaði yfirleitt á roðflettingarvél þeirri, sem slysinu olli. Vél þessi hefur verið í notkun um árabil og aldrei neitt slys orðið í sambandi við hana. Vélin sé að sjálfsögðu undir eftirliti öryggiseftirlitsins og uppfylli þær kröfur, sem það gerir um öryggisútbúnað. Þá telur stefndi, að starfsemi hans heimfærist ekki undir hættulegan atvinnurekstur og beri hann því ekki bótaábyrgð af þeim sökum.

Stefndi mótmælir stefnukröfum sem allt of háum. Stefnandi hafi ekki verið í neinni fastri vinnu, en aðeins unnið í ígripum 2—3 vikur. Í mati sé hins vegar miðað við fasta vinnu samkvæmt Iðjuttaxta. Þá bendir hann á, að örorkubætur séu tekjuskattsfrjálsar.

Rannsókn út af slysi þessu, sem ekki var tilkynnt lögreglu í Kópavogi, fór fram í sakadómi Kópavogs í maí og júní 1958. Í sakadómsrannsókninni skýrði Guðrún Valgerður frá því,

að vél sú, sem hún vann við, hafi verið í megnasta ólagi, þannig að hún hafi sleppt flökum (ekki roðflett) og þess vegna hafi hún orðið að teygja sig yfir vélina til að ná þeim flökum, sem ekki roðflettust, en í einu slíku tilfelli hafi vinstri hönd lent í vélinni með þeim afleiðingum, að hún missti fremsta lið þumal-fingurs vinstri handar. Guðrún Valgerður kveðst hafa unnið stuttan tíma í hraðfrystihúsinu, og hafi verkstjórinn verið beðinn þess, að hún ynni ekki við vélar hraðfrystihússins, heldur við innþökkun eða hreinsun og þvíumlíkt, enda hafi verkstjóranum verið sagt, að hún væri ekki að öllu heil heilsu. Verkstjórinn, Sigurbjörn Jónsson, kannast ekki við, að móðir Guðrúnar Valgerðar hafi talað við hann um heilbrigði hennar, enda kveðst hann ekki mundu hafa ráðið hana til vinnu, ef hann hefði vitað, að hún væri ekki fullgild til vinnu. Guðrún Valgerður kveður engar öryggishlífar hafa verið á vélinni.

Vitnið Anna Gunnlaugsdóttir, sem viðstatt var, er slysið skeði, kveðst hafa séð Guðrúnu seilast yfir vélina til að ná í óroðflett flak, en getur ekki að öðru leyti gert sér fulla grein fyrir, hvernig slysið vildi til. Hún telur Guðrúnu alls ekki hafa sýnt neina óvarkárni í starfinu. Þetta vitni kveður vélina hafa verið í megnasta ólagi, þar sem stór hluti hráefnisins hafi komið óroðflettur úr vélinni.

Vitnið Daníel Magnússon kveður það hafa verið almennt álit manna á vinnustaðnum, að roðflettingarvél sú, er notuð var í umrætt sinn, hafi þurft sérstakrar aðgæzlu við, og því hafi í flestum tilfellum verið höfð vön stúlka við vélina. Þetta vitni kveður sér hafa verið ókunnugt um öryggisútbúnað við vélina, en kveðst telja, að alls ekki hefði átt að setja óvana stúlku eina til vinnu við slíka vél sem þessa.

Vitnið Sigurbjörn Jónsson, sem var verkstjóri í hraðfrystihúsinu, er slysið skeði, hefur skýrt frá því, að hann hafi ekki vitað um, að Guðrún Valgerður væri fötluð, og ekki hafi hann verið beðinn að hlífa henni við vélavinnu. Vitnið kveður vélina hafa verið hættulausa, enda samþykkt af Öryggiseftirliti ríkisins. Á vélum þessum kveður vitnið ekki vera neinar öryggishlífar, en hins vegar séu á vélunum svokallaðar „vatnshlífar“, sem ekki loki tönnunum. Vitnið kvaðst ekki hafa varað stúlkuna við vélinni, vegna þess að hún væri hættuleg, enda ekki talið þess þörf. Það kvaðst ekki minnst þess að hafa leiðbeint stúlkunni sérstaklega við handtök við vinnuna á vélinni. Nokkrir fyrrverandi starfsmenn hafa gefið vottorð um, að ekkert hafi verið

athugavert við roðflettingarvél þá, sem notuð var í frystihúsinu.

Eitt vitna þessara, sem fyrir dóm hafa komið, Guðlaug Helga-dóttir, kveðst oftast hafa unnið við vél þá, sem slysið varð við, meðan það starfaði í frystihúsinu, en Guðrún Valgerður hafi verið að leysa sig af, er slysið skeði. Vitnið, sem ekki sá, er slysið varð, kveður vélina hættulausa, en þó megí ekki líta af henni. Vitnið kveður vélina ekki hafa roðflett í öllum tilvikum, en flökin hafi þá farið áfram á færíbandi fram á vinnsluborð og þar verið „sorteruð“, þ. e. óroðflett flök tekin frá þeim roðflettu. Þetta vitni man ekki, hvort Guðrún Valgerður var í fyrsta skipti við vélina, er slysið varð, en telur, að hún hljóti að hafa séð vélina vinna, áður en slysið skeði. Af framburði vitnisins Ráðhildar Jónsdóttur, móður Guðrúnar, virðist ljóst, að Guðrún Valgerður hafi unnið við vél þessa 1—2 daga, áður en slysið varð.

Eftir munnlegan flutning málsins hafa lögmenn aðilja með samkomulagi lagt fram vottorð frá Öryggiseftirliti ríkisins, dags. 4. júlí 1960, þar sem lýst er vél þeirri, sem slysið varð við. Kemur þar fram, að hnífur sá, sem roðflettir, er óvarinn. Í vottorði þessu segir enn fremur: „Eftirlitið hefur ekki talið þörf á því að hafa hlífar yfir þessum hluta vélarinnar. Þó má vera, að hlíf yfir hnífnum hefði komið í veg fyrir slys sem það, er hér um ræðir, en benda má á, að hlífar geta ekki verið fastar vegna þrifnaðar og því auðvelt að lyfta þeim upp og fara með hönd undir.“ Samkomulag var um, að ekki færi fram frekari málflutningur vegna framlagningar skjals þessa.

Um leið og málið var munnlega flutt hinn 28. f. m., fór dómurinn ásamt lögmönnum aðilja og Guðrúnu Valgerði í hraðfrystihúsið og skoðaði vélina, sem þar er geymd, en hún hefur nú verið tekin úr notkun. Starfsmenn hraðfrystihússins, sem einnig störfuðu þar, er slysið skeði, sýndu vélina, og Guðrún Valgerður kannaðist við, að væri sú sama. Hún sýndi, hvernig hún hafði staðið við vélina, er slysið skeði, og hvernig það hefði að höndum borið. Vélin vinnur þannig, að flökin koma á færíbandi að stálrennu. Sá, sem vinnur við vélina, ýtir flökunum eftir rennu þessari að sívalningi, sem snýst í sífellu. Um leið og flakið kemur að sívalningnum, grípur þar til gerður tannabúnaður í það, flakið fylgir sívalningnum eftir það, þar til það kemur að tifandi hnífi, sem liggur nokkurn veginn við hann, hreyfist örlítið eftir lengd sívalningsins og flettir roðinu af. Í sívalningnum er allstórt ferhyrnt op, dálítið aflangt, sem er yfir

tanngripinu og armi þess. Er tanngripið í öðrum enda opsins við efri brún, en armur tanngrípsins lokar gatinu að innan. Dýpt opsins verður því þykkt sívalningsins.

Yfir inntakinu og nokkrum hluta sívalningsins er hlíf, svonefnd vatnshlíf, en engin hlíf yfir hnífnum og hluta af sívalningnum. Í op það, er að ofan greinir, hefur fingur Guðrúnar Valgerðar farið, þegar hún var að laga flak, sem ekki roðflettist, færzt með opinu að hnífnum með þeim afleiðingum, að hann skar framan af fingrinum.

Yfir þessum hluta vélarinnar telja hinir sérfróðu samdómendur, að ætti að vera öryggishlíf, enda ekki þörf á að taka óroðflett flök þar úr vélinni, þar sem taka má þau frá, er þau eru komin frá henni. Ljóst þykir, að slík hlíf hefði varnað því slysi, er hér er deilt út af.

Upplýst er með eigin framburði verkstjóra þess, sem vinnu stjórnaði, er slysið varð, að hann hafði ekki varað Guðrúnu Valgerði, sem þá var 17 ára og ekki virðist áður hafa unnið við neins konar verksmiðjuvélar, við vélinni, vegna þess að hún væri hættuleg, enda ekki talið þess þörf. Einnig má telja upplýst, að verkstjórinn leiðbeindi stúlkunni ekki sérstaklega um handtök við vinnuna á vélinni.

Ekki hafa komið fram upplýsingar um, að Guðrún Valgerður hafi sýnt óvarkární í starfi sínu. Hún teygir sig að vísu yfir sívalninginn til að ná flökum, sem ekki roðflettust í vélinni, en sú fyrirhöfn er talin óþörf, þar sem flökin eru sundurgreind síðar. Það þykir sýna, að hún hafi viljað vinna starf sitt af kostgæfni, en skort hafi leiðbeiningar, þar sem þessi fyrirhöfn, sem slysið stafaði af, var óþörf. Ekki verður það virt Guðrúnu Valgerði til gáleysis.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, má telja upplýst: 1) að Guðrún Valgerður hafi unnið starf sitt af alúð, 2) að vél sú, sem hún vann við, uppfyllti ekki fyllstu kröfur um öryggisútbúnað og 3) að mjög skorti á, að verkstjóri leiðbeindi um, í hverju starfið væri fólgið, handtök við það og hver hættu gæti verið samfara því. Ber í því sambandi að hafa í huga, að hér var um unglingsstúlku að ræða, sem ekki hafði áður unnið við vélar frystihússins. Verkstjóri þessi starfaði í þjónustu stefnda, sem ber því ábyrgð á vangæzlu hans, enda hvílir sérstök skylda á atvinnurekanda, samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til að sjá um, að verkafólki sé leiðbeint um hættur, og er skylda þessi

sérstaklega rík, þegar ungir og óvanir verkamenn eiga í hlut.

Þykir því bera að leggja fébótaábyrgð vegna slyssins óskipta á stefnda.

Skulu nú kröfur stefnanda athugaðar:

1) *Örorkutjón.*

Eins og að framan greinir, hefur tryggingafræðingur reiknað út fjárhagstjón Guðrúnar Valgerðar af örorku hennar, og reiknast það kr. 62.248.00. Stefndi hefur mótmælt útreikningi þessum, vegna þess að miðað sé við Iðju-taxta, en Guðrún Valgerður hafi ekki verið í fastri vinnu áður, og sé því óréttmælt að reikna með tekjum af fastri vinnu, en auk þess séu örorkubætur skattfrjálsar. Ekki þykja mótmæli stefnda vegna lítillar atvinnu Guðrúnar Valgerðar fyrir slysið á rökum reist, þar sem hér er um unglíng að ræða, sem einmitt er að byrja á að vinna utan heimilis. Rétt þykir, að taka nokkurt tillit til skattfrelsis bóta við ákvörðun bótafjárhæðar.

Ber þá að hafa í huga, að tekjur þær, sem í útreikningi er reiknað með stefnanda til handa, eru lágt skattaðar og skattfríðindi af bótunum því lítils virði. Í útreikningi tryggingafræðingsins er reiknað með stöðugri vinnu Guðrúnar Valgerðar, en rétt þykir að ætla daglaunafólki nokkra tekjurýrnun vegna atvinnuleysis og annarra slíkra orsaka.

Á hinn bóginn má hafa hliðsjón af, að í kröfugerð stefnanda er reiknað með 12% örorku frá slysdegi, og því sleppt í kröfugerð viðbótarbótum fyrir þann tíma, sem örorkan var meiri en 12%. Að öllu þessu athuguðu þykir hæfilegt að lækka bótaupphæð vegna örorku um 15%, eða um kr. 9.337.00.

2) *Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti.*

Þegar athugað er með hverjum hætti slysið vildi til, þykir sýnt, að það hafi í upphafi valdið Guðrúnu Valgerði nokkrum þjáningum og óþægindum. Þá er ljóst, að nokkur lýti eru að því að missa framan af þumalfingri. Eftir atvikum þykja bætur fyrir tjón þetta hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 52.911.00 + 12.000.00 = kr. 64.911.00, en frá þeirri upphæð dragast dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt því, er í stefnu greinir, kr. 3.400.00, og verður því bótafjárhæðin kr. 61.511.00. Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda vexti af fjárhæð þessari, 6% p. a. frá stefnudegi, 7. janúar 1960, til greiðsludags. Þá

ber að dæma stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 7.500.00.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut og Jóhannesi Zoëga forstjóra.

#### Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystihúsið Ís h/f í Kópavogi, greiði stefnanda, Sigurði Gunnlaugssyni fyrir hönd ólögráða dóttur hans, Guðrúnar Valgerðar, kr. 61.511.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1960 til greiðsludags og kr. 7.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 13. júní 1962.

Nr. 204/1960. **Dánarbú Jens Árnasonar**

(Hallgrímur Dalberg hdl.)

gegn

**Axel Björnssyni** (Lúðvík Gizurarson hdl.).

#### Dómendur:

hæstaréttardómaramir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1960. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að bætur til handa stefnda verði ekki ákveðnar hærri en kr. 18.180.00 og málskostnaður þá felldur niður í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ný málsgögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.